

Nd.

918. Breytingartillaga

við breytingartillögur við frumvarp til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum á þingskjali 909.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 2. breytingartillögu.

Tillagan orðist svo:

Nú hefir útflytjandi keypt eina eða fleiri vörutegundir, sem nefndar eru í 3. grein, áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer, eða taka á móti þeim fyrir þann tíma, á útflytjandi þá rjett á að draga frá söluverði þess, er seldi honum vöruna, verðhækkunartoll þann, sem honum ber að greiða samkvæmt lögum þessum, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir.

Nú hefir útflytjandi keypt vöruna af millimanni, milli hans og framleiðanda, og dregst þá tollurinn frá söluerði millimannsins og hefir millimaðurinn þá aftur rjett til að fá tollinn endurgoldinn hjá framleiðandanum.